

5. VERKLAGSREGLUR VÍSINDASIÐANEFNDAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

5.1. Skipan vísindasiðanefndar Háskóla Íslands

5.1.1. Háskólaráð skipar Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands. Nefndin er skipuð einum fulltrúa og varamanni frá hverju fræðasviði skólans eftir tilnefningu frá forsetum fræðasviðanna. Auk þess tilnefnir Siðfræðistofnun Háskóla Íslands einn fulltrúa auk varamanns. Formaður nefndarinnar og varamaður hans eru skipaðir af rektor án tilnefningar. Skipunartími nefndarinnar er þrjú ár í senn. Við tilnefningu skal fylgt ákvæðum í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. 5.1.2. Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands getur ráðfært sig við sérfræðinga eftir því sem tilefni er til.

5.1.3. Um hæfi nefndarmanna fer eftir 3. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

5.1.4. Með nefndinni starfar starfsmaður af vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands.

5.2. Verksvið vísindasiðanefndar Háskóla Íslands

5.2.1. Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands veitir kennurum, nemendum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum Háskóla Íslands umsögn um rannsóknaráætlanir og eru siðareglur þessar lagðar til grundvallar við umsögnina.

Rannsakanda eða ábyrgðarmanni rannsóknar er skylt að leita umsagnar nefndarinnar vegna rannsókna sem fjalla um siðferðilega viðkvæm viðfangsefni (sjá: <http://www.personuvernd.is/spurningar-og-svor/grundvallarhugtok/>) eða beinast að einstaklingum eða hópum í viðkvæmri stöðu. Þátttakendur í viðkvæmri stöðu eru til að mynda börn og einstaklingar sem eiga erfitt með að meta áhættu og veita upplýst samþykki sökum þroskaskerðingar eða líkamlegra eða andlegra veikinda, einstaklingar sem sæta þvingaðri innlögn eða nauðungarvistun á stofnunum, sem og þátttakendur rannsókna þar sem blekkingum er beitt.

Heimilt er að leita umsagnar nefndarinnar fyrir aðrar rannsóknir, enda séu þær ekki leyfisskyldar samkvæmt lögum.

5.2.2. Umsókn á rafrænu formi þarf að hafa borist starfsmanni vísindasiðanefndar Háskóla Íslands eigi síðar en viku fyrir áætlaðan fundartíma nefndarinnar ef hún á að hljóta afgreiðslu á fundinum. Öll umbeðin fylgiskjöl verða að fylgja umsókninni til að nefndin taki hana til umfjöllunar.

5.2.3. Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands fundar svo oft sem þurfa þykir.

5.3. Önnur verkefni

5.3.1. Nefndin skal afla upplýsinga og stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu í háskólasamfélaginu um siðfræði rannsókna og góða starfshætti í rannsóknum.

5.3.2. Nefndin gerir reglulega grein fyrir starfsemi sinni á heimasíðu.

5.3.3. Vísindasiðanefnd skal vera rektor og háskólaráði til ráðuneytis um málefni á starfssviði nefndarinnar.